

Mál nr 33/2016

Ár 2017, miðvikudaginn 25. janúar , var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr. 33/2016

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda (X) sem barst siðanefnd 14. nóvember 2016 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að para tíkina A við rakkann B án þess að tíkin væri með gilt augnvottorð við pörun. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 15. nóvember og henni gefinn frestur til 13. desember til að skila inn andmælum. Ekki barst svar innan tilskilins frests vegna pörunar tíkarinnar en kærða óskaði eftir nýju álitum dýralæknis vegna augnskoðunar rakkans. Kærandi gerði ekki athugasemdir við það og bað um að haldið yrði áfram með málið og ákvað siðanefnd að taka málið til úrskurðar á grundvelli þeirra gagna sem fram voru komin.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunartorði ódagsettu var tíkin A pöruð við rakkann B hinn 27. apríl 2016 án þess að tíkin hefði gilt augnvottorð. Hundarnir eru af hundakyninu Shar pei og er tíkin í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ. Kærða nýtti sér ekki andmælarétt sinn vegna pörunar tíkarinnar né hefur komið fram með neinar skýringar.

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið Shar Pei:

„Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun (Gildir frá 01.01.2010). Greinist hundur með staðfesta arfgenga vaxandi sjónrýrnun (PRA) fást hvolpar undan honum ekki ættbókarfærðir. Hundurinn, foreldrar og afkvæmi hans eru sett í ræktunarbann. (Gildir frá 01,09.2012)

Óumdeilt er að á þeim tíma sem þörunin átti sér stað var tíkin ekki með gilt augnvottorð. Augnvottorðið er eitt þeirra vottorða sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins og augljóst er að í tilviki sem þessu er mikilvægt að það liggja fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér arfgengan augnsjúkdóm. Við mat á viðurlögum eru lögð til grundvallar innsend gögn kæranda þar eð kærða hefur ekki komið að neinum skýringum né málsbótum.

Það liggur fyrir að kærða hefur áður gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ og mun því sæta áminningu öðru sinni

#### IV. Niðurstaða.

Kærða Y telst vera brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt öðru sinni

f.h. siðanefndar

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir